

Efnahags- og skattanefnd
Nefndarsvið
150 Reykjavík

Reykjavík, 25. nóvember 2010.

Umsögn laganefndar LMFÍ um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, með síðari breytingum, lögum um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins og lögum um umboðsmann skuldara. Þskj. 225 – 206. mál.

Laganefnd Lögmannafélags Íslands fékk til umsagnar ofangreint frumvarp til laga um breyting á nefndum lögum.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á vaxtalögum og vísað til dóma Hæstaréttar Íslands í málum er tengjast gengistryggðum lánnum. Laganefnd telur rétt að setja fram eftirtalin sjónarmið um eðli og framkvæmd breytingarinnar.

Frumvarpið vekur spurningar um hvort með reglunum, sem lagðar eru til, sé brotið gegn stjórnarskrárvarinni eignarréttarvernd kröfuhafa og skuldara. Laganefnd kys að taka ekki afstöðu til þess álitaefnis og gengur út frá að efnahags- og viðskiptaráðuneytið hafi aflað sér viðeigandi álits um þau efni. Frumvarpið varðar mikilsverða hagsmuni, annars vegar kröfuhafa og hins vegar skuldara. Eðli máls samkvæmt eru þessir hagsmunir gagnstæðir. Með frumvarpinu er haft áhrif á réttarstöðu ákveðinna skuldara gagnvart kröfuhöfum. Laganefnd telur það ekki vera hlutverk sitt að taka pólitíska afstöðu til meginatriða frumvarpsins.

Að mati laganefndar eru atriði, sem ástæða er til að staldra við. Verða þau hér reifuð.

Í fyrsta lagi eru lán sem falla undir 2. mgr. 2. gr. afmörkuð í samræmi við „...skilyrði ákvæðis B-liðar 68. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003.“ Þetta vekur upp ýmsar spurningar um það hvaða lán falla undir ákvæðið, ef gleymst hefur að telja lán til fasteignakaupa fram á skattframtali falla þau þá ekki undir, ef viðkomandi er með lán á tveimur fasteignum þar sem ekki hefur tekist að selja aðra fellur þá annað lánið ekki undir, hvað ef gengið hefur verið að veðum og eignin seld o.s.frv. Telja verður að það sé óheppilegt að ákvæðið sé ekki skýrara.

Í öðru lagi virðist vera gert ráð fyrir skuldajafnaðarrétti í 6. mgr. 2. gr. varðandi endurgreiðslur til lögaðila. Skuldajafnaðarréttur væri alla jafna fyrir hendi samkvæmt almennum reglum, bæði gagnvart lögaðilum og einstaklingum. Því er ekki alveg ljóst hver þýðing þessa ákvæðis er.

Í þriðja lagi er í 3. gr. a. fjallað um uppgjör vegna „ofgreiðslu“ og framtíðarskilmála skuldbindinga. Væntanlega á samkvæmt ákvæðinu að telja þar tilgreind lán ógild þegar við samþykkt frumvarpsins í skilningi nýrrar 18. gr. Rétt væri að taka þetta skýrt fram í ákvæðinu. Húsnaðislán sem falla undir ákvæðið eru afmörkuð með vísan til laga um tekjuskatt, vísast um athugasemdir vegna þessa til athugasemda við 2. mgr. 2. gr. Þá veldur notkun hugtaksins „ofgreiðsla“ óvissu, það er ekki ljóst hvort ákvæðið eigi eingöngu við þegar skuldari hefur ofgreitt eða hvort það eigi líka við þegar skuldari hefur vangreitt. Þá

vekur hugtakið upp spurningar hvort tilvísuð 18. gr. eigi ekki við fullum fetum heldur bara að því er varðar afmarkaða hluta láns. Rétt væri að skýra þetta.

Jafnframt er ákvæði 3. gr. a. takmarkað við tilgreind húsnæðislán sem og lán og eignaleigusamninga vegna bifreiða. Hugtakið eignaleigusamningar er ekki skilgreint í lögum, né heldur hugakið kaupleigusamningar sem vísað er til í 3. gr. f, og því ekki fyllilega ljóst við hvað er átt, rétt er þó að hafa í huga að vísað hefur verið til skilgreininga á þessum hugtökum til brottfallinna laga nr. 19/1989. Ástæða er til þess að skilgreina betur við hvernig samninga er átt, jafnframt er óljóst af hverju kaupleigusamningar sem vísað er til í 3. gr. f. falla ekki undir þetta ákvæði.

Í fjórða lagi er í 3. gr. f. fjallað um uppgjör í tengslum við innleysta eign. Miðað við ákvæðið í heild fjallar það eingöngu um lán og kaupleigusamninga vegna bifreiða, ef það er tilgangurinn væri rétt að taka það fram með skýrum hætti í 1. mgr. ákvæðisins en samkvæmt orðalagi hennar getur hún tekið til hvers kyns eigna. Þá er hugtakið kaupleigusamningur ekki skilgreint í lögum.

Í fimmta lagi er í 5. gr. er fjallað um úrskurðarnefnd vegna ágreinings um niðurfærslu skulda fyrirtækja við sérstaka skuldaaðlögun. Í ákvæðinu kemur ekkert nánar fram um það hvers kyns ágreiningur fellur undir verksvið nefndarinnar, hvernig og hvenær deiluefni er skotið til nefndarinnar, hvaða réttaráhrif málskot hefur, o.s.frv. Betra væri að kveðið væri á um slík atriði í ákvæðinu, þó opin reglugerðarheimild veiti ráðherra mögulega heimildir að því er þetta varðar þá væri æskilegt að lagaákvæðið hefði að geyma grundvallar skipan mála.

Að lokum gerir laganefnd eftirfarandi almennar athugasemdir. Vakin er athygli á því að samkvæmt greinargerð með frumvarpinu er það sett fram til þess að draga úr óvissu og þörf á miklum fjölda dómsmála. Hins vegar er frumvarpið takmarkað við lán og tilgreinda en óskilgreinda leigusamninga einstaklinga sem gerðir eru í ákveðnum tilgangi auk þess sem ekki er kveðið á um það hvernig skuli fara með lán til lögaðila. Af því leiðir að eftir er að deila um slík lán fyrir dómstólum að því marki sem enn er óljóst hvaða lán teljist ólögmat og hver ekki, sem og hvaða afleiðingar leiða af ólögmati lána. Hætt er við því að þörf á miklum fjölda dómsmála til þess að leysa úr útistandandi álitaeftum breytist því ekki þó frumvarpið verður samþykkt.

Takmörkun bráðabirgðaákvæða við vaxtalög við fjármögnun bifreiðakaupa, t.d. í samanburði við bifhjól, létt bifjól er til þess fallin að koma þurfi til einhvers fjölda dómsmála vegna sambærilegra samninga og ákvæðin taka til.

Virðingarfyllst,
f.h. Laganefndar Lögmannafélags Íslands

Eva B. Helgadóttir, hrl.